

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um nýndu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 18. júlí 2009 var tilgreint að fjármálagerningur um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. skyldi gefinn út af hálfu aðila eigi síðar en þann 14. ágúst 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu, dags. 14. ágúst 2009, kemur fram að frekari tímafrestur sé nauðsynlegur til að ljúka samningum og útgáfu fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að breyta 2. ml. 13. tl. fyrri ákvörðunar eftirlitsins þann 9. október 2008, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 15. júní 2009 og 18. júlí 2009.


ÁKVÖRÐUN:

Útgáfu fjármálagernings og fjármögnun NBI hf. skal lokið eigi síðar en þann 18. september 2009 og lokauppgjöri vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. eigi síðar en þann 30. september 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

14. ágúst 2009.



Kristín Haraldsdóttir
Varaformaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri